

Erindisbréf

Starfshópur um húsnæðismál árið 2022

Til að tryggja að Sveitarfélagið Árborg geti sinnt hlutverki sínu í samræmi við 14. grein laga nr. 44/1998 með markvissum hætti og til að skilgreina hlutverk Leigubústaða Árborgar ses í því verkefni, samþykkti bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar að stofna starfshóp til að fara yfir skyldur sveitarfélagsins samkvæmt þeim lögum sem við eiga, m.a. 14. gr. laga nr. 44/1998, á fundi sínum þann 16. febrúar 2022. Í slíkum starfshópi verði skoðað hvernig málum skuli háttað og m.a. metið tilefni til ráðningar húsnæðisfulltrúa.

Skipan:

Starfshóp um húsnæðismál skipa þrír fulltrúar bæjarstjórnar, Tómas Ellert Tómasson M-lista, Arna Ír Gunnarsdóttir S-lista og Gunnar Egilsson D-lista. Með starfshópnum starfar bæjarstjóri og aðrir starfsmenn sveitarfélagsins eftir því sem tilefni er til hverju sinni.

Starfshópurinn er skipaður tímabundið og skal ljúka störfum eigi síðar en 27. maí 2022.

Verkefni:

Starfshópnum er ætlað að meta tilefni til ráðningar húsnæðisfulltrúa og hvort því hlutverki megi sinna af starfsmanni Leigubústaða Árborgar ses., komi til slíkrar ráðningar.

Starfshópurinn skal leggja mat á tilefni til stofnunar sérstakrar húsnæðisnefndar á vegum Sveitarfélagsins Árborgar til að móta stefnu og hafa eftirlit með verkefnum sveitarfélagsins á sviði húsnæðismála.

Til grundvallar ofangreindri vinnu skal starfshópurinn leggja mat á skyldur sveitarfélagsins og Leigubústaða Árborgar ses. skv. lögum um húsnæðismál nr. 44/1998, lögum um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, húслеigulögum nr. 36/1994, stjórnslulögum nr.37/1993 og reglum um félagslegt leiguhúsnæði í Sveitarfélaginu Árborg.

Þóknun:

Nefndarmönnum skal greidd þóknun í samræmi við 43. gr. samþykkt um stjórn og fundarsköp bæjarstjórnar nr. 665/2019

Samþykkt í xxxxx xx xxx 2022
